

Gætu meintar sakir Jens, ef sannaðar þættu, varðað Jens fangelsis-refsingu. Eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar ekki í vegi fyrir beitingu gæsluvarðhalds í þágu rannsóknar máls þessa.

Eins og fram kemur í greinargerð lögreglu svo og ráða má af skjölum málsins, þá er m.a. eftir að yfirheyra allmörg vitni sem sum hver eru líkleg til að skýra staðreyndir málsins.

Þá er einnig að nokkurs ósamræmis gætir í framburði kærða og X, sem frekari rannsókn er líkleg til að varpa skýrara ljósi á.

Með vísan til alls ofanritaðs, framlagðra skjala og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, þykir rétt að verða við framkominni kröfu lögreglunnar í Vestmannaeyjum og gera Jens Karli Magnúsi Jóhannessyni að sæta gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar máls þessa. Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega ákveðinn sem allt til kl. 15:00 mánudaginn 25. janúar 1988.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Jens Karl Magnús Jóhannesson, kt. 200165-5699, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til kl. 15:00 mánudaginn 25. janúar 1988.

Miðvikudaginn 20. janúar 1988.

Nr. 9/1988.

Ákærvaldið

gegn

Hauki Gíslasyni

Kærumál. Dómsátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru dagsettri 6. janúar 1988, sem barst réttinum 7. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hin kærða dómsátt verði úr gildi felld.

Varnaraðila var í dag á dómþingi sakadóms Garðakaupstaðar kynnt kæra ríkissaksóknara. Krafðist varnaraðili þess, að hin kærða dómsátt verði staðfest.

Hinn 13. september 1987 var varnaraðili handtekinn vegna gruns um ölvunarakstur. Reyndist vínandamagn í blóði hans 1,53‰. Hinn 2. nóvember sama ár samþykkti varnaraðili í sakadómi Garðakaupstaðar að greiða 18.000,00 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot þetta og að sæta ökuleyfisviptingu í 6 mánuði frá þeim degi að telja. Var brot varnaraðila heimfært í dómsáttinni undir 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. sbr. 81. gr. umferðarlaga.

Ef vínandamagn í blóði ökumanns nemur 1,20‰ eða meira ber að heimfæra það brot undir 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga skal réttindsvipting vegna slíks brots eigi vera skemmri en 1 ár. Framangreind málalok um ökuleyfisviptingu voru því óheimil að lögum, og ber að fella hina kærðu dómsátt úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

D ó m s o r ð:

Hin kærða dómsátt er úr gildi felld.

Dómsátt sakadóms Garðakaupstaðar 2. nóvember 1987.

Ár 1987, mánudaginn 2. nóvember, var sakadómur Hafnarfjarðar og Garðakaupstaðar/Seltjarnarness/Kjósarsýslu (sic) settur á skrifstofu dómsins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, og haldinn af Þuríði Halldórsdóttur fltr. með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Sakadómsmálið nr. G-2668/1987. Meint ölvun við akstur bifreiðar G 24580.

Dómarinn leggur fram dskj. nr. 1 sem fylgja.

Kl. 10.00 mætir kærði í réttinum. Nafn: Haukur Gíslason. Stétt eða atvinna: Nemi. Heimili: Lindarflöt 12, Garðakaupstað. Fæðingardagur: 23.9. 1968. Fæðingarstaður: Reykjavík.

Kærða er kunnugt sakarefnið og jafnframt er gætt ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Áminntur um sannsögli skýrir kærði svo frá atvikum:

Kærði viðurkennir brot sitt samkvæmt framlögðum gögnum.

Dómarinn skýrir nú kærða frá því að í blóðsýni því, sem honum var tekið í umrætt skipti, hafi alkóhól mælst 1,53‰.

Samkvæmt heimild í 112. gr. laga nr. 74/1974 og með vísun til 80. gr. umferðarlaga býður dómariinn kærða að ljúka málinu þannig, að hann greiði kr. 18.000,00 í sekt til ríkissjóðs, kr. 2.480,00 í málskostnað og sæti jafnframt sviptingu ökuréttinda í 6 mánuði samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, en brot hans þykir efnislega varða við 2. sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

Kærði samþykkir að ljúka málinu á þann veg og greiðist sektin fyrir 1. jan. 1988, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 10 daga.

Málskostnaðurinn greiðist fyrir sama tíma.

Kærða er gert ljóst, að ökuleyfissviptingin tekur nú þegar gildi og gildir til 2. maí 1988.

Framangreint brot hefur ítrekunaráhrif á síðari brot skv. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Málinu er lokið þannig.

Föstudaginn 22. janúar 1988.

Nr. 167/1987. **Protabú Stálfélagsins hf.**

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

Gunnari Þór Þórhallssyni

(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)

Gjaldþrotaskipti. Frestdagur. Skuldaröð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. maí 1987. Hann krefst þess að dæmt verði að launakrafa sú er málið snýst um ásamt vöxtum, skuli teljast almenn krafa í þrotabú áfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefnda er krafist staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.